

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 149/104
komudagur 10.11.2011

DK/sg
Tilv.: 201111-0914 670


Reykjavík, 10. nóvember 2011

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með rafpósti allsherjar- og menntamála- nefndar Alþingis, dags. 3. þ.m., tillaga til þingsályktunar, 26. mál, um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu.

Ríkissaksóknari telur rétt að lögreglu verði veittar viðeigandi heimildir til forvirkra rannsókna vegna skipulagðrar glæpastarfsemi og hryðjuverkaógnar. Heimildir um forvirkar rannsóknarheimildir verði skilgreindar í lögum og þeim verði að jafnaði aðeins beitt að fengnum dómsúrskurði. Þá þarf að tryggja í lögum að viðeigandi eftirlit verði með þess háttar heimildum, þar með talið reglubundið innra og ytra eftirlit og að fjármagni verði veitt til verkefnisins svo unnt sé að sinna slíku eftirliti.

Miklu skiptir að vandað verði til undirbúnings löggjafar um forvirkar rannsóknarheimildir og að færustu sérfræðingar verði fengnir til verksins, ásamt fulltrúum frá innanríkisráðuneyti, ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og tollstjóra.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir vegna tillögunnar og er í meginatriðum tekið undir hana.



Daði Kristjánsson
saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík